



Alþingi
Erindi nr. P 135/1025
komudagur 10.1.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Akureyri 9. janúar 2008.


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.

Með bréfi dagsettu 6. nóvember 2007 var óskað eftir umsögn Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er nú þegar veruleg vöntun á starfsfólki til starfa við heilbrigðisþjónustuna. Mest er vöntunin á hjúkrunarfræðingum en vöntunin er einnig tilfinnanleg í ýmsum öðrum greinum, m.a. lækningum og á það sérstaklega við um landsbyggðina. Ljóst er að brautskráðir hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfar frá Háskólanum á Akureyri hafa breytt miklu varðandi mönnum á þessu sviði. Samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið liggur fyrir að mikill meirihluti þeirra sem hafa brautskráðst frá Háskólanum á Akureyri búa og starfa á landsbyggðinni. Það er því mjög mikilvægt að kennsla í heilbrigðisvísindum verði eflað við Háskólann á Akureyri til þess að mæta núverandi þörf fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni og ekki síður til að bregðast við stóraukinni þörf fyrir sérfræðistörf í heilbrigðisvísindum á komandi árum.

Sjúkrahúsið á Akureyri styður eindregið framkomna tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.

Virðingarfyllst,



Halldór Jónsson, forstjóri.